

Hóplíf- og sjúkdómatrygging - Lánavernd -

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir einstaklingsbundinn samning eða hópváttryggingarsamning við félagið.

Lán: Íbúðalán útgefið hjá váttryggingartaka.

Hópur: Allir viðskiptamenn váttryggingartaka sem fengið hafa íbúðalán.

Váttryggður: Aðili úr hópnunum sem sótt hefur um og fengið váttryggingu hjá OKKAR líftryggingum hf. og sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskírteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

Réttahafi: Sá sem váttryggingartaki tilgreinir í váttryggingarsamningi og á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið.

Lánavernd: Lánavernd er hóplíf- og sjúkdómatrygging ætluð þeim viðskiptavinum váttryggingartaka sem hafa fengið íbúðalán.

Aðalgjaldsdagi: Aðalgjaldsdagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári og er fyrsti dagur þess mánaðar sem váttryggingin tók upphaflega gildi í, nema um annað sé samið.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hóplíf- og sjúkdómatrygging og er gefin út í tengslum við íbúðalán hjá váttryggingartaka. Grundvöllur váttryggingarsamningsins er skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarumsókn og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 gilda varðandi þau atriði sem ekki eru ákvæði um í váttryggingarskilmálum þessum.

2. GR. UM GILDISTÖKU VÁTTRYGGINGARINNAR OG GILDISTÍMA

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Ábyrgð félagsins hefst á útgáfudegi, þegar það hefur mótttekið og samþykkt undirritaða umsókn með nauðsynlegum fylgigögnum samkvæmt reglum félagsins, og lánið hefur verið gefið út.

Váttryggingin gildir frá útgáfudegi, sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini, og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini, þó ekki lengur en til 62 ára aldurs váttryggðs (sjá einnig 19. gr.). Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 18 ára (sjá þó 9. gr.).

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Iðgjald er innheimt af váttryggingartaka með afborgunum tilheyrandi láns og fellur í gjalddaga á gjalddaga afborgana lánsins.

Sé krafa eigi að fullu greidd, eru vextir, afborganir og annar kostnaður vegna lánsins greiddur áður en iðgjöld tryggingarinnar

eru greidd. Félaginu er heimilt að segja upp váttryggingu með skriflegri tilkynningu ef iðgjald hefur ekki verið greitt 30 dögum eftir gjalddaga. Í því tilviki skal váttryggður hafa 14 sólarhringa frest til að greiða ógreitt iðgjald, en að öðrum kosti fellur váttrygging váttryggðs úr gildi, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Ef iðgjald er ekki greitt á gjalddaga skal váttryggingartaki greiða dráttarvexti af iðgjaldi í vanskilum og allan vanskilakostnað sem af vanefndum hans hljófast, þ.m.t. kostnað vegna vanefndatilkynninga og lögfræðinnheimtu.

5. GR. HEIMILD VÁTTRYGGINGARTAKA TIL UPPSAGNAR Á VÁTTRYGGINGUNNI

Váttryggður getur sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

Váttryggingartaki skal greiða iðgjald fyrir það tímabil sem félagið ber ábyrgð samkvæmt váttryggingunni.

6. GR. BÓTAGREIÐSLUR SAMKVÆMT VÁTTRYGGINGAR-SAMNINGNUM

Við andlát váttryggðs eða váttryggingaratburð skv. 7. gr. greiðist sú váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi skv. váttryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum þessum. Váttryggingin er eingreiðsluváttrygging og við greiðslu bóta fellur hún úr gildi (sjá þó 9. gr.).

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjalddaga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

7. GR. VÁTTRYGGINGARATBURÐUR OG SKILGREININGAR

Váttryggingaratburður samkvæmt þessari grein telst einungis verða, ef váttryggður greinist með einhverjum eftirtalinnu sjúkdóma, gengst undir einhverja þeirra aðgerða, sem taldar eru upp, verður fyrir útlímaþessum, blindu eða hlýtur alvarleg brunasár skv. nánari skilgreiningu hér á eftir.

A. Bráð kransæðastífla/hjartadrep (Myocardial Infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans vegna blóðpurrðar. Eftirtalið þarf að vera til staðar svo hægt sé að greina bráða kransæðastíflu:

- Dæmigerðir hjartakveisuverkir (brjóstverkir),
- nýjar dæmigerðar breytingar á hjartalínuriti með ST-hækkunum,
- hækkun sértækra hjartaensíma sem losna við hjartadrep svo sem CK-MB eða Tróponins.

Bótageiðsla er háð því að um sé að ræða bráða kransæðastíflu sem samkvæmt greiningu uppfyllir öll þrjú ofangreind skilyrði. Undanskilin samkvæmt skilgreiningunni eru:

- Hjartadrep án ST-hækkana (NSTEMI), með hækkun á Tróponíni I eða T,
- önnur bráð kransæðastíflufelli (acute coronary syndrome).

Greiningin skal staðfest af viðurkenndum sérfræðingi í hjartasjúkdómum.

B. Kransæðaskurðaðgerð/hjáveituaðgerð (Coronary Artery Bypass Surgery)

Opin hjartaskurðaðgerð til að lagfæra þrengsli eða stíflu í einni eða fleiri kransæðum með hjáveituaðgerð. Undanskilið samkvæmt skilgreiningu þessari:

- Aðrar aðgerðir sem ekki eru opnar, t.d. kransæðavíkkarir (PCI) og laseraðgerðir.

C. Hjartalokuskurðaðgerð – lokuskipti eða -viðgerð (Heart Valve Surgery)

Opin hjartalokuskurðaðgerð til að skipta um eða lagfæra eina eða fleiri hjartalokur.

D. Ósæðarskurðaðgerð (Aorta Graft Surgery)

Opin skurðaðgerð að ráði sérfræðings til að fjarlægja og gera við með æðabót/græðingi (graft) þrengsli, rof eða æðagúlp á meginslagæð/ósæð í brjóst- eða kviðarholi. Undanskildar samkvæmt skilgreiningunni eru:

- Aðgerðir framkvæmdar á greinum ósæðarinnar utan brjóst- eða kviðarholis.

E. Heilablóðfall/slag (Stroke)

Sérhver blóðrásartruflun í heila sem veldur einkennum frá miðtaugakerfi sem vara lengur en 24 klukkustundir og felur í sér drep í heilavef eða blæðingu. Skilyrði bótagreiðslu er einkenni varanlegra skemmda á miðtaugakerfi (neurological sequelae) og að rannsóknir (CT/MRI) styðji greininguna. Undanskilið samkvæmt þessari skilgreiningu eru:

- Skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA),
- einkenni frá taugakerfi vegna mígreni.

Greiningin skal staðfest af viðurkenndum sérfræðingi í taugasjúkdómum.

F. Krabbamein – illkynja og ífarandi (Cancer)

Illkynja æxli sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma ásamt ífarandi vexti í vefi. Þetta á við um hvítblæði (annað en langvinnt eitilfrumuhvítblæði) og illkynja eitlæxli (lymphomas), og Hodgkinssjúkdóm á stigi II-IV. Undanskilin eru:

- Forstigeinkenni krabbameins (pre-malignant tumours)
- æxli sem eru staðbundin og ekki ífarandi (in situ),
- öll stig CIN (innanþekjuæxlisvaxtar í leghálsi),
- Hodgkinssjúkdómur á stigi I,
- langvinnt eitilfrumuhvítblæði,
- æxli í blóðruhálskirtli á stigi T1 og Gleason stigi 6 eða lægra,
- allar tegundir æxla þegar alnæmi er til staðar (HIV),
- kaposi's sarcoma,
- öll húðkrabbamein önnur en illkynja, ífarandi sortuæxli.

G. Góðkynja heilæxli (Benign Brain Tumour)

Æxli í heila sem ekki er illkynja, en veldur varanlegum skaða á miðtaugakerfi. Undanskilin eru:

- Blöðrur (cysts),
- hnúðar (granulomas),
- heilahimnuæxli (meningiomas),
- seilaræxli (chordomas),
- æðagallar í eða á slagæðum eða bláæðum,
- heilamar og æxli í heiladingli eða mænu.

H. MS (Multiple Sclerosis)

Ótvíræð greining heila- og mænisiggs (MS), staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Greiningin byggir á að minnsta kosti tveimur dæmigerðum köstum með vel afmörkuðum einkennum frá taugakerfi, eða að öðrum kosti stigversnandi sjúkdómsgangi sem samrýmist MS sjúkdómnum. Greiningin þarf að vera staðfest með MRI rannsókn af heila sem sýnir dæmigerðar breytingar í heilavef og hækkun IgG í mænuvökva.

I. MND fyrir 60 ára aldur (Motor Neurone Disease)

Ótvíræð greining MND fyrir 60 ára aldur. Greiningin þarf að vera staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum.

J. Meiriháttar líffæraflutningur (Major Organ Transplantation)

Vátryggður gengst undir uppskurð sem þegi á hjarta, lunga, lifur, brisi, nýra eða beinmerg.

K. Nýrnabilun (Kidney Failure)

Lokastig nýrnasjúkdóms, sem einkennist af langvinnri óafturkræfri bilun á starfsemi beggja nýrna sem leiðir til þess að vátryggður þarfnast annað hvort reglulegrar himnuskiiljunar eða blóðskiljunar (peritoneal or haemodialysis) eða nýrnaígræðslu.

L. Alzheimer fyrir 60 ára aldur (Alzheimer's Disease)

Ótvíræð greining á Alzheimersjúkdómnum, fyrir 60 ára afmælisdag vátryggðs. Greiningin skal staðfest af viðurkenndum sérfræðingi í taugasjúkdómum eða öldrunarsjúkdómum með viðeigandi rannsókn og mati sem staðfesti dæmigerða skerðingu á heilastarfsemi.

Ástand þetta sé óafturkræft samkvæmt mati og hafi náð því stigi að stöðugs eftirlits og aðstoðar sé þörf.

M. Parkinsonsveiki fyrir 60 ára aldur (Parkinson's Disease)

Ótvíræð greining Parkinsonsveiki af óþekktum uppruna (idiopathic) fyrir 60 ára afmælisdag vátryggðs. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Ástand þetta sé óafturkræft samkvæmt mati og hafi náð því stigi að stöðugs eftirlits og aðstoðar sé þörf. Undanskilin samkvæmt skilgreiningu þessari:

- Parkinsonsveiki sem afleiðing misnotkunar áfengis eða vímuefna.

N. Alvarleg brunasár (Third Degree Burns)

Þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi.

O. Útlímamissir (Loss of Limbs)

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ökkliði.

P. Blinda (Blindness)

Algjör, varanlegur og óafturkræfur missir sjónar á báðum augum, staðfestur af sérfræðingi í augnlækningum.

8. GR. RÉTTHAFI

Vátryggingartaki er óafturkallanlegur réttthafi vátryggingarinnar.

9. GR. SJÚKDÓMATRYGGING BARNNA

Ef barn vátryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt, verður á vátryggingartímanum fyrir vátryggingaratburði, sem skilgreindur er í 7. gr., greiðir félagið 50% vátryggingarfjárhæðar skv. því sem nánar greinir í 10. gr.

Bætur eru ekki greiddar vegna vátryggingaratburða sem sannanlega má rekja, beint eða óbeint, til ástands barnsins fyrir töku vátryggingarinnar. Um ættleidd börn gildir, að félagið er ekki bótaskyldt, ef hægt er að rekja orsakir vátryggingaratburðar til ástands, sem barnið var haldið áður en það var ættleitt.

Ennfremur eru bætur ekki greiddar vegna aðgerða sem framkvæmdar eru á aldrinum 3ja mánaða til 18 ára aldurs ef greining sem leiddi til aðgerðar var fyrir 3ja mánaða aldur.

Greiðsla bóta úr sjúkdómatryggingu barna hefur ekki áhrif á tryggingu vátryggðs. Bætur greiðast vegna eigin barna vátryggðs. Einnig greiðast bætur vegna fósturbarna og stjúp barna, enda búi fósturbörn eða stjúp börn á sama lögheimili og vátryggður. Gilda þá einnig fyrirvarar 2. og 3. málsgreinar eftir því sem við á.

10. GR. TAKMARKANIR Á ÁBYRGÐ FÉLAGSINS

Svipti hinn vátryggði sig lífi innan árs frá því að vátryggingin öðlaðist gildi, er félagið laust úr ábyrgð.

Bætur úr sjúkdómatryggingu barna eru ekki greiddar vegna andláts og það er skilyrði fyrir bótagreiðslu að barn lífi a.m.k. í 30 daga frá því að það greindist með sjúkdóm, aðgerð var

frankvæmd eða annar váttryggingaratburður átti sér stað samkvæmt skilmálum þessum.

Ekki eru greiddar bætur vegna krabbameins sem greindist á fyrstu þremur mánuðunum eftir gildistöku váttryggingarinnar.

Bætur greiðast aðeins einu sinni vegna váttryggðs. Bætur úr sjúkdómtryggingu barna greiðast einnig aðeins einu sinni fyrir hvert barn.

Hámark bóta úr sjúkdómtryggingu barna vegna hvers barns er kr. 1.500.000,-.

11. GR. SKYLDUR VÁTTRYGGÐS VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og, ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.

Réttihafi glatar rétti til bóta úr sjúkdómahluta váttryggingarinnar ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Hafi sá sem leggur fram kröfu um greiðslu bóta úr váttryggingu þessari veitt félaginu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við tjónsuppgjör, sem hann veit eða má vita að leitt geti til þess að greiddar verði út bætur sam hann á ekki rétt á, glatar hann rétti til krafna á hendur félaginu, að öllu leyti eða að hluta, sbr. XVIII. kafla laga nr. 30/2004. Hafi sá sem á kröfu um bætur veitt rangar eða ófullnægjandi upplýsingar getur félagið ennfremur sagt upp öllum váttryggingarsamningum við viðkomandi með viku fyrirvara.

12. GR. IÐGJALDABREYTINGAR OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

Iðgjald fyrir váttryggingu þessa er reiknað samkvæmt gildandi iðgjaldaskrá félagsins, miðað við váttryggingarfjárhæð og aldur hins váttryggða, sé eigi annars getið í váttryggingarskilmálum.

13. GR. VÍSITÖLUBINDING VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR OG IÐGJALDS

Váttryggingarfjárhæð er tilgreind í skírteini og endurnýjunarkvittunum og breytist árlega á aðalgjaldsdaga í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs þó þannig að váttryggingarfjárhæð verður aldrei hærri en sem nemur eftirstöðvum lánsins. Innan endurnýjunartímabils breytist váttryggingarfjárhæð mánaðarlega í réttu hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs.

Iðgjald ákveðst skv. gildandi gjaldskrá á hverjum tíma og breytist í samræmi við breytingu váttryggingarfjárhæðar.

Lækki vísitalan, hefur það hvorki áhrif til lækkunar váttryggingarfjárhæða eða iðgjalds.

14. GR. FYRNING

Kröfur sem rísa af váttryggingarsamningnum fynrast á 10 árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafi fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Kröfur vegna váttryggingarinnar fynrast þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburðurinn varð.

Aðrar kröfur sem tengjast váttryggingarsamningi, svo sem krafa um iðgjald, fynrast eftir hinum almennu reglum laga um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda nr. 14/1905.

15. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Ágreining um bótaskyldu félagsins má leggja fyrir tjónanefnd váttryggingarfélaganna, málskotsaðila að kostnaðarlausu. Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk

ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefndir þessar og starfshætti þeirra veitir félagið.

Þjónusta þessara aðila eða málskot til þeirra skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

16. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆDILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta úr sjúkdómahluta váttryggingarinnar þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

17. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

18. GR. FRAMHALDSTRYGGING

Falli samningur um hóplíf- og sjúkdómtryggingu – Lánavernd úr gildi eða gangi váttryggður úr hóp og fái ekki aðild að öðrum hópi með rétti til samskonar hóprýggingar, er félaginu skylt að bjóða honum, án nýrra heilsufarsupplýsinga, samskonar tryggingu og þá er hann hafði í hópnum. Iðgjald þeirra tryggingar reiknast eftir gjaldskrá félagsins fyrir einstaklingsbundnar tryggingar.

Beiðni um framhaldstryggingu skal vera skrifleg. Réttur til hennar fellur úr gildi þremur mánuðum eftir að ábyrgð félagsins hefur fallið niður.

19. GR. LOK VÁTTRYGGINGAR

Váttrygging einstakra aðila fellur úr gildi við greiðslu bóta (sjá þó 9. gr.). Váttryggingin fellur sömuleiðis úr gildi ef:

- Lánið er greitt upp,
- breyting verður á skuldara lánsins,
- samningur félagsins og váttryggingartaka hefur fallið úr gildi.

Falli váttrygging úr gildi af öðrum orsökum en við bótgreiðslu er verðmæti hennar ekkert.

Skilmálar nr. HC1005
Gilda frá og með 01.01.2006